

Tuttugasti fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar Fundurinn haldinn 7. nóvember 2013 kl. 8.30 við Hlíðarveg.

Mættir: Brynja Ingunn Hafsteinsdóttir foreldrafulltrúi, Sigurður Ægisson fulltrúi foreldrafélags, Brynhildur Vilhjálmsdóttir fulltrúi kennara, Sæbjörg Ágústsdóttir fulltrúi starfsmanna. Fyrir hönd nemendaráðs skólans mættu Ívan Darri Jónsson og Óskar Helgi Ingvason. Ríkey Sigurbjörnsdóttir aðstoðarskólastjóri og Jónína Magnúsdóttir skólastjóri stjórnaði fundi.

1. Fundargerð

Fundargerð síðasta fundar

2. Fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 2014

Skólastjóri fór yfir tillögu að fjárhagsáætlun fyrir skólann árið 2014. Drögin hafa verið lögð fyrir fræðslunefnd. Farið var yfir ákveðna liði og gerði skólastjóri grein fyrir upphæðum vegna ákveðinna verkefna svo sem ART námskeiðs fyrir 16 kennara fyrir næsta haust, breytingu á þjónustu við tölvukerfi skólans og kaupa á tölvubúnaði.

3. Byggingaráform við Norðurgötu

Skólastjóri sagði frá útboði vegna viðbyggingar við skólahúsið Norðurgötu. Til stendur að hefja framkvæmd í upphafi næsta árs.

4. Önnur mál

- Rætt um hugmyndir að efni fyrir stóran opinn foreldrafund 5. febrúar 2014
- Brynja foreldrafulltrúi gerði grein fyrir samskiptum sínum við fulltrúa Reykjavíkurborgar um Biofilíu Bjarkar Guðmundsdóttur. Verkefnið stendur enn yfir í Reykjavík og til stendur að koma því út á landsbyggðina.
- Brynja foreldrafulltrúi rifjaði upp niðurstöður Skólaláttvæðingarskýringsins frá í fyrra sem gáfu til kynna að sjálfsmynd og sjálfstraust stúlkna í skólanum sé bágborið. Í kjölfar álíka niðurstaðna hafa skólar reynt að bregðast við með fyrirlestrum og námskeiðum. Rætt var hvort og hvernig GF getur brugðist við.
- Rætt um valgreinar í 9.-10. bekk. Hugmynd að hestamennsku sem valgrein borin upp og rædd.
- Námsmatsstofnun hefur birt niðurstöður samræmdra prófa frá í haust.
- MTR býður nemendum 8.-10. Bekkjar í bíó mánudaginn 11. nóvember nk. kl. 17 í Tjarnarborg.

Fundi slitið kl. 9.30

Jónína Magnúsdóttir skólastjóri.